

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík



Reykjavík 2. desember 2020

## Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í frumvarp, fjármála- og efnahagsráðherra um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál. Frumvarpið varðar ýmsar breytingar á lögum um skatta og gjöld, m.a. breytingar á tryggingagjaldi, tekjuskatti, vörugjaldi og bifreiðagjaldi auk breytingar og samræmingar vegna breytinga sem hafa orðið á öðrum lögum. SAF hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

SAF fagna þeim áherslum sem lagðar eru til við breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993. Þar er gert ráð fyrir aðgerðum sem ætlað er að stuðla að orkuskiptum í samgöngum fyrir sendibifreiðar, þyngri ökutæki ásamt því að gera rekstur húsbíla samkeppnishæfari með lækkun vörugjalda þar til varanlegt fyrirkomulag liggur fyrir. Þá fagna samtökin þeim aðgerðum sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur samþykkt í tengslum við mál nr. 5, sem tengist tímabundinni niðurfellingu á virðisaukaskatti vegna kaupa og sölu á vistvænum ökutækjum.

Samtökin vilja með erindi þessu ítreka áðursendar umsagnir og ábendingar með máli nr. 5 um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2021. Þar benda samtökin m.a á mikilvægi þess að ökutækjaleigur og stjórnvöld taki höndum saman í skammtímaátaki um hvata til orkuskipta og lækkun kolefnislosunar sem að auki mun bæta gæði bílaleigubifreiða og umferðaröryggi almennt. Slíkt átak ætti að stuðla að því að ná markmiði stjórnvalda um að 20% skráðra bílaleigubifreiða verði vistvænar árið 2025. Þá mun slíkt átak einnig draga úr notkun á eldri og óöruggari ökutækjum í ökutækjaleigu, í kjölfar þess harða samdráttarskeiðs sem nú gengur yfir, en slíkum ökutækjum fjölgaði mikið í kjölfar samdráttar árið 2009. Það væri synd að sjá að nýju fréttir um slæmt ástand ökutækja sem voru tíðar á árunum 2010-2014. <https://www.ruv.is/frett/vilja-herda-efartil-med-bilaleigum>

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson". The signature is stylized and cursive.

*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*